

Aðgengi og réttlæti

Ólafur Páll Jónsson

dósent í heimspeki við Menntavísindasvið Háskóla Íslands

Hver erum við?

Þegar verið er að fjalla um aðgengismál er stundum spurt eitthvað á þessa leið:

„Hvað eigum við að verja miklum peningum í úrbætur?“

„Hvernig eigum við að forgangasraða verkefnum?“

„Mun það ekki skemma ásýnd byggingarinnar að gera hana aðgengilega fyrir hjólastóla?“

Við getum hugsað okkur fleiri viðlíka spurningar hvort sem viðfangsefnið er afmarkaður staður eða vettvangur, t.d. skóli eða verslun, eða heilt sveitarfélag og jafnvel allt samfélagið. En eru þetta góðar spurningar? Áður en við tökum til við að svara svona spurningum verðum við að spyrja okkur hver þessi „við“ erum sem ætlum kannski að verja einhverjum peningum til úrbóta, eða erum að velta því fyrir okkur hvernig skuli forgangsráða, eða hvort það sé ekki vanvirðing við arkitektúr og hefðir í byggingarlist að gera breytingar á húsum. Hver erum „við“?

Áður en ég svara þessari spurningu langar mig að biðja ykkur um að ferðast með mér fram að aldamótunum 1900. Hugsum okkur líka að við séum hópur karla í hefðbundnum embættis- og valdastöðum í samfélaginu. Þá gætum við sem best spurt einhvern veginn svona:

„Ættum við að hleypa konum að stjórn landsins?“

„Ættum við að leyfa konum að kjósa til Alþingis?“

Ég veit ekki hvort þannig var spurt, en það kæmi mér ekki á óvart. Það var örugglega hugsað þannig. Og þegar þannig var hugsað þá merkti „við“ ekki allir Íslendingar heldur náði þetta „við“ yfir karla í valdastöðum, hvort heldur í stjórnámálum, menningu eða viðskiptum. Þeir sem hafa völdin geta notað orðið „við“ að vild – það er beinlínis til marks um valdastöðu að geta slegið fram staðhæfingum með þessu orði. Þetta er hið eiginlega við-undur.

Um aldamótin 1900 höfðu konur þegar risið upp gegn þeirri kúgun sem þær máttu búa við. Þrettán árum áður hafði Bríet Bjarnhéðinsdóttir staðið í Bárubúð og haldið „fyrirlestur um hagi og rjettindi kvenna“. Þetta var fyrsti fyrirlestur konu á Íslandi. Í upphafi lestrarins vitnar hún í orð Madame de Staël sem sagði: „Karlmaðurinn getur boðið almenningsálitinu birginn en konan hlýtur að gefa sig undir það“ (bls. 332). Um þessi orð hafði Bríet þetta að segja:

En það er til tvenns konar almennt álit: það álit sem byggist á heimsku, hleypidómum, einstrengingsskap, vanafestu, hlutdrægni, öfund og jafnvel illgirni, – en undir það álit gef ég mig ekki, heldur geng ég fram hjá því – og það álit sem er byggt á skynsemi, drengskap, óhlutdrægni og mannúð og þeim dómi skal ég fúslega hlíta, hvernig sem hann fellur. (bls. 332)

Þegar Bríet segist ekki muni gefa sig undir það álit sem byggt er á hleypidómum þá er hún að gera uppreisn gegn því að orðið við verði notað *um* hana án þess að hún fái þar nokkru um ráðið. Hún hafnar slíkri valdbeitingu gagnvart sér og öðrum konum.

Á síðustu misserum hafa fatlað fólk risið upp gegn samskonar valdbeitingu. Það hefur ekki bara bent á að skipulag samfélagsins sé oft byggt á „heimsku, hleypidómum, einstrengingsskap, vanafestu, hlutdrægni, öfund og jafnvel illgirni“, svo notuð séu orð Bríetar, heldur hafa það einnig risið upp gegn því að aðrir en það sjálft skilgreini hvað sé „skynsemi, drengskapur og mannúð“. Barátta Bríetar og annarra kvenna var ekki fyrst og fremst barátta um að fá að njóta þeirra gæða sem karlar fengu notið, heldur barátta fyrir því að fá að lifa með fullri reisn – að fá að lifa sem manneskjur í samfélagi jafningja.

Sjálfstætt líf – aðgengi að heimili

Þeir tálmar sem hindra aðgengi eru ekki bara efnislegir þrívíðir þröskuldar. Aðgengi að upplýsingum skiptir líka máli og í þeim efnum reynast þröskuldarnir einnig margir og oft erfiðir yfirferðar þótt tvívíðir séu. Ég ætla samt ekki að fjalla mikið um þessa tvívíðu þröskulda heldur einbeita mér að þeim þrívíðu. Þegar fjallað er um aðgengi þá koma upp í hugann dæmi eins og tröppur við opinberar byggingar, kantar sem reynast hjólastólum erfiðir yfirferðar og aðrir efnislegir tálmar. Þessi dæmi eru sannarlega mjög mörg en dæmin eru líka annarskonar. Mig langar að grípa niður í pistil sem Freyja Haraldsdóttir skrifar á heimasíðuna sína. Pistillinn heitir „Hin undarlegu viðmið um lífsgæði í lífi fatlaðra barna“.

Hefðbundin þjónusta við fötluð börn á Íslandi er mjög undarleg að mínu mati og viðmiðin um lífsgæði þeirra eru það ekki síður. Hún er þannig hönnuð að börn sem þurfa aðstoð þurfa í miklum mæli að dvelja utan heimilis síns til þess að fá þjónustu, á skammtímavistunum eða hjá stuðningsfjölskyldum. Aðstoðin heim er takmörkuð svo erfitt er að koma í veg fyrir þennan aðskilnað og sú aðstoð sem hægt er að fá heim er háð ólíkum þjónustukerfum, t.d. heilsugæslunni og félagsþjónustunni, sem vinna ekki alltaf saman. Aðstoðin er bundin við ákveðna staði, tíma og verk og fjölskyldan stjórnar að litlu leiti hvaða starfsfólk kemur inn á heimilið. Foreldrar fatlaðra barna þurfa þ.a.l., hvort sem þeir kjósa að nýta sér þessa þjónustu eða ekki, að aðstoða börnin sín við hverja einustu athöfn nánast allan sólarhringinn ef og þegar þau eru ekki í burtu. Það getur stuðlað að því að frelsi allra skerðist og öll fjölskyldan,

þ.m.t. barnið, er með eilíft samviskubit yfir að ná ekki að gera hlutina nógu vel eða við að vita að líf mömmu, pabba og jafnvel systkina snýst um aðstoð við þau. (Freyja Haraldsdóttir, „Hin undarlegu viðmið um lífsgæði í lífi fatlaðra barna“)

Aðgengi er ekki bara spurning um að sækja þjónustu og lífsgæði eitthvert annað, hvort heldur á opinberar stofnanir, í skóla eða t.d. á veitingahús. Aðgengi er líka spurning um að hafa tækifæri til að lifa sjálfstæðu lífi, spurning um að eiga sér heimili, samastað í tilverunni. Í samfélagi þar sem fatlað fólk lifir í aðgreindum heimi vill þetta gleymast og þegar það knýr dyra og segist vilja fá að vera með í samfélaginu til jafns við aðra, fá að njóta einkalífs ekki síður en að taka þátt í lífi samfélagsins á opinberum vettvangi, þá er viðbragðið oftast en ekki þessar þrjár spurningar sem ég nefndi í upphafi:

„Hvað eigum við að verja miklum peningum í úrbætur?“

„Hvernig eigum við að forgangsraða verkefnum?“

„Mun það ekki skemma ásýnd byggingarinnar að gera hana aðgengilega fyrir hjólastóla?“

Spurningar sem gera ráð fyrir aðgreiningu í okkur og svo einhverja aðra eru upplegg fyrir mismunun. Mismununin kemur ekki til af því að „við“ séum illa innrætt eða á einhvern hátt álappaleg í hugsun, heldur vegna þess að ríkjandi viðmið um rétt og rangt, viðeigandi og óviðeigandi, réttlæti og ranglæti verða sjálfgefin og miðast við „okkur“. Mig langar að gefa Freyju Haraldsdóttur aftur orðið. Eftirfarandi tilvitnun er tekin úr pistli hennar, „Að biðjast afsökunar á að vera til“.

Þegar ég las frétt þar sem forstöðumaður Sambands Iðnaðarins og verkefnisstjóri Búseta lýsti því yfir að með því að byggja nýjar byggingar út frá reglugerð um altæka hönnun (e. universal design) sem gera þær aðgengilegar myndi það „gera húsnæði dýrara og óvistvænna, draga úr framkvæmdum, eyða hefðum í íslenskri byggingarlist og hækka lán“ langaði mig að biðjast afsökunar á því að vera til. (Freyja Haraldsdóttir, „Að biðjast afsökunar á að vera til“)

Hér lýsir Freyja því vel hvernig viðmið sem gera ráð fyrir aðgreiningu í okkur og svo einhverja aðra, setja fólk til hliðar í samfélaginu þannig að tilvist þess virðist beinlínis siðferðilega ámælisverð.

Skipulögð heimska?

Samfélag sem gerir ráð fyrir aðgreiningu í okkur og svo einhverja aðra gerir ekki aðeins á hlut þeirra sem eru þessir „einhverjir aðrir“. Það gerir líka á hlut þeirra sem fyrstu persónu fornafnið „við“ nær yfir. Þegar þröskuldar hindra fatlaða manneskju í að taka þátt í lífi samfélagsins, þá hindra þeir líka samfélagið í því að njóta þess sem þessi manneskja hefur fram að færa. Samfélag aðgreiningar, þar sem sumir fá ekki að vera með af tilfallandi ástæðum er samfélag þar sem ekki er

hirt um þann mannauð sem til staðar er. Þetta er í raun samfélag skipulegrar heimsku. Heimskan á sér raunar tvær myndir. Fyrri myndin birtist í því að hugmyndir, hugsanir, og hugmyndaflug stórs hóps fólks er ýtt til hliðar. Seinni myndin, og sú sem réttlætir þá fyrri, birtist í þeirri heimsku að fötluð manneskja sé bara fötluð og ekkert annað. Það dettur engum í hug að gera ekki ráð fyrir því að rauðhærð manneskja sé kannski líka læknir eða heimspekingur, foreldri, systkyni eða hvað annað – og raunar margt annað. En þegar manneskja er fötluð er stundum eins og það sé það eina sem hún er.

Heimskan er fylgifiskur aðgreiningarinnar. En ef hverju leggjum við svona mikið upp úr samfélagi sem gerir heimskunni hátt undir höfði? Af hverju gerum við ekki meira í því að hlusta á aðra – og hlusta á hvern sem er, ekki bara þann sem hefur hæsta rödd og getur troðið sér fremst í hverja rödd? Stundum er svarið eflaust það, að þessi „við“ sem mér hefur verið tíðrætt um, höfum komið okkur notalega fyrir í bólstruðum heimi þar sem okkur líður vel. Heiðrekur Guðmundsson skáld frá Sandi orti svo:

Er ljómar sól og lífið fegurst er
og loginn skín við jökultindinn háa,
við skraut og munað skeikar gleðin mér,
þá skynja ég næmast kvöl hins hrjáða og smáa.
Þá finnst mér allt, sem fyrir augu ber,
af fegurð snautt og tengt við strætið gráa.
– Þeim líður best sem lítið veit og sér
og lokast inni í fjallahringnum bláa.

(„Ég minnst þess“, *Mannheimar*, bls. 19)

Þetta er síðasta erindið í kvæðinu „Ég minnst þess“, en í því lýsir hann með skáldlegu innsæi því hvernig hnökralus og gleðirík veröld bernskunnar í afdalnum hefur vikið fyrir raunalegri heimi sem blasir við þeim sem hefur hugrekki til að fara út í heiminn. Það krefst hugrekki að horfa út fyrir eigin hring, að gefa því gaum sem er annarskonar.

Spurningin um aðgengi er því ekki bara spurning um réttlæti til handa þeim sem þröskuldarnir eru hindrun. Þetta er líka spurning um ragmennsku eða hugrekki þeirra sem komast svo greiðlega yfir þá. Í hvert sinn sem við sjáum hús sem girt er tröppum og öðrum farartálmum, þá eigum við ekki bara að hugsa sem svo: „Hér er verið að úthýsa fólki“. Við eigum líka að hugsa: „Hér ræður ragmennskan húsum.“

Eru þetta geimvísindi?

Stundum er sagt um það, sem ekki er mjög flókið, að það sé engin geimvísindi. Stundum er sagt að aðgengismál séu engin geimvísindi. Kannski er það sagt um fötlunarfræði almennt, að sú grein sé engin geimvísindi. En það er rangt. Mannkynið hefur sent karl til tunglsins og nýlega var sendur fjarstýrður bíll til Mars. Fjöldi gervitungla hringsóla um jörðina auk margvíslegs drasls sem þangað hefur verið skotið. Á sama tíma virðist óviðráðanlegt að hanna byggingar sem eru aðgengilegar fyrir alla. Af nýjum byggingum á Háskólasvæðinu er það aðeins Háskólatorg sem stenst kröfur um aðgengi. Að sögn eru Íslendingar stoltir af Hörpu, en ánægjan er samt beiskju blandin. Listakonan Kolbrún Dögg fór á Bryan Ferry tónleikana 28. máí 2012. Hún segir frá ferðinni í pistlinum „Fötlunarlist í Hörpu“. Ég gríp hér ofan í lýsingu hennar á tónleikaferðinni:

Ég var mætt tímanlega og virti fyrir mér mannlífið í Hörpunni áður en ég vatt mér á unisex-salernið til að bæta á varalitinum. Ég fann mig hvergi á þessu salerni. Ég sá ekki sjálfa mig í speglinum þar sem hann var himinhátt uppi og ógjörningur fyrir venjulegt fólk, hjólastólanotendur, að spegla sig við þessar aðstæður. Meira klúðrið með spegilinn, hugsaði ég með mér. Hvað voru þeir að þæla sem settu spegilinn upp eða byggingafulltrúinn, gerði hann enga athugasemd?

Skömmu síðar var komið að tónleikunum sjálfum:

Mér krossbrá þegar ég kom að inngangi númer 2B. Á hurðinni var skilti sem á stóð „Neyðarútgangur“ og mynd af manni á hlaupum úr eldsvoða. Þetta hlýtur að vera einhver misskilningur. Ætli salurinn sé mjög eldfimur? Ég snéri mér við og elti fólkið sem streymdi að inngangi sem á stóð Eldborg. Mér til mikillar skelfingar voru tröppur niður og engin skábraut. Starfsmaður sem stóð niðri og var að rífa af miðunum sagði við mig að það kæmi annar starfsmaður að aðstoða mig við að komast inn um annan inngang. Ég var orðlaus og áður en ég vissi var ég komin aftur að neyðarútganginum í öruggri fylgd starfsmanns Hörpunnar. Er þetta grín, hugsaði ég um leið og ég fór inn um neyðarútganginn. Þegar inn í neyðina var komið blasti við lítið herbergi með litlum stiga uppávið og stigalyftu við hliðina á. Starfsmaðurinn opnaði hurðina á lyftunni og sagði mér að fara inn, síðan hljóp hann upp tröppurnar til að ýta á takka. Hurðin lokaðist á lyftunni og ég silaðist upp, löturhægt. Guð minn góður, það verður komið hlé áður en ég kemst loksins á tónleikana!

Á endanum komst hún á tónleikana, en þessi reynsla skyggði á gleðina af því að vera á flottum tónleikum í sal sem hefur frábæran hljómburð.

Þegar ég var loksins komin upp stigann opnaði starfsmaðurinn fyrir mér lyftuna og hurðina inn í Eldborgina og vísaði mér til sætis eða stæðis ætlað hjólastólanotendum, sem er ókeypis. Skrítið! Þegar ég hringdi í miðasöluna nokkrum dögum fyrr til að kanna hvort það væru til

lausir miðar á tónleikana og lét vita að ég væri hjólastólanotandi, þá var mér tjáð að það væri laust í hjólastólastæðinu. Þegar ég spurði hvað miðinn kostaði á því svæði var sagt að hjólastóllinn þyrfti ekkert að borga. Kjánalega orðað hjá viðkomandi að hjólastóllinn þyrfti ekki að borga, eins og ég væri ekki persóna. Í þessum orðum eru reyndar ákveðin skilaboð sem endurspeglar viðhorf til fatlaðs fólks, að það eigi að vorkenna fötluðu fólki og veita því ölmusu. Ég er kona, fötluð kona, og það vill svo heppilega til að ég nota hjólastól sem er fullkomlega edlilegt þó að sumir einstaklingar ímynda sér að líf þeirra sem nota hjálpartæki, hljóti að vera hræðilegt líf. Hjólastóll er hjálpartæki eins og gleraugu eða heyrnartæki og ég lít á hjólastólinn minn sem frelsistæki. Ég vil vera sýnileg í menningunni, ég vil taka pláss og ég vil borga fyrir minn miða eins og annað fólk. Á sama tíma geri ég kröfu um að geta notað sama inngang og annar almenningur.

Það er stundum sagt að aðgengismál séu engin geimvísindi. Það er rangt. Þetta eru geimvísindi, eins og dæmin sanna. Og eins og með önnur slík vísindi, þá þarf sérhæft fólk til að leysa þau vandamál sem upp koma. Og það þarf sérfræðinga til að koma auga á vandann. Þessir sérfræðingar eru þeir sem rekast á þröskuldana, hvernig sem þeir annars eru. Þess vegna er nauðsynlegt að gera fólki með fötlun kleift að gera rannsóknir á umhverfi sínu, að gera því mögulegt að koma sjónarmiðum sínum á framfæri og krefjast þess að á það sé hlustað. Það er fyrsta skrefið. Þess vegna er svo mikilvægt að Freyja Haraldsdóttir og Kolbrún Dögg tjái sig um hvernig það er að búa við fötlun. Og þess vegna er líka alveg nauðsynlegt að Skytturarnar þrjár eigi þess kost að gera úttekt á aðgengismálum og gera samfélagið réttlátara um leið og þær forða fjölda fólks frá heimsku og fordómum.

Heimildir

Bríet Bjarnhéðinsdóttir. (1997/1888). Fyrirlestur um hagi og réttindi kvenna. Í John Stuart Mill, *Kúgun Kvenna*. Reykjavík: Hið íslenska bókmenntafélag.

Freyja Haraldsdóttir. (2013). Hin undarlegu viðmið um lífsgæði í lífi fatlaðra barna. (Sótt 8. apríl á: freyjahaaralds.wordpress.com/2013/04/08/hin-undarlegu-vidmid-i-lifi-fatladra-barna/)

Freyja Haraldsdóttir. (2013). Að biðjast afsökunar á að vera til. (Sótt 8. apríl á: freyjahaaralds.wordpress.com/2012/11/26/ad-bidjast-afsokunar-a-ad-vera-til/)

Heiðrekur Guðmundsson. (1983). *Mannheimar*. Reykjavík: Almenna bókafélagið.

Kolbrún Dögg Kristjánsdóttir. (2013). Fötlunarlist í Hörpu. (Sótt 8. apríl á: obi.is/vefrit/greinar/nr/1338)